


Umhverfisstofnun
Áb. <u>0A J</u>
<u>15 DES. 2004</u>
<u>54.52</u>
Tilv. <u>UST20041200009</u>



Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

14. desember 2004  
Tilvísun: UST20041200009/0aj

### Efni: Krísvíkurvegur, Hraunhella-Hamranes, Hafnarfirði. Matsskylda.

Vísað er í til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 29. nóvember sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar:

Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a.: *Í ljósi þess að hrauninu hefur verið raskað á stóru svæði og „hve hraunið er slétt telur framkvæmdaraðili verndargildi hraunsins lítið en verndargildi og fagurfræðilegt gildi hrauna eykst eftir því sem þau eru úfnari og jarðmyndanir stórkostlegri“*. Helluhraun hafa talsvert verndargildi, en Ísland er eitt fárra landa í heiminum þar sem helluhraun eru nokkuð algeng. Forsendur fyrir verndun hrauna geta t.d. verið fágæti þeirra, gerð og samsetning, fjölbreytni, hversu samfelld, heildstæð eða óröskað þau eru. Því telur Umhverfisstofnun ofangreinda fullyrðingu Vegagerðarinnar ekki á réttum rökum reista.

### Sérstök verndarákvæði

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Fyrirhuguð vegglaðning mun liggja yfir hluta Hvaleyrarhrauns, helluhrauns sem rann eftir ísaldarlok. Hraunbreiðunni hefur talsvert verið raskað með byggingarframkvæmdum á svæðinu og má telja að við það hafi verndargildi hraunsins verið talsvert skert. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skeringum vegna framkvæmdarinnar verði haldið í lágmarki til að óröskað hrauni verði raskað sem minnst. Við hönnun á fláa skeringa ætti að miða við að mosi nái sem fyrst að nema þar land fremur en við kennisnið og fer stofnunin fram á að'haft verði samráð við hana um hönnun skeringa.

### Gróður

Ekki er talið líklegt að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að skerða sjaldgæf gróðurlendi en samkvæmt gróðurkorti frá Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins (Elliðavatn 1613 III SV,

1988) er fyrirhugað framkvæmdasvæði meira en 2/3 hluta gróin mosaþemba. Samkvæmt ofangreindu korti er víðar í Hvaleyrar- og Kapelluhrauni að finna sambærilegar gróðurlendur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort að á fyrrnefndu svæði séu að finna sjaldgæfar tegundir gróðurs eða gróður á válista.

### Hljóðvist

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er útreiknað hljóðstig í fyrirhugaðri íbúðabyggð að austanverðu á bilinu 50-55 dB. Samkvæmt 5.gr. reglugerðar nr. 933/1999 og viðauka hennar eru leiðbeiningarmörk fyrir nýbyggingarsvæði 45 dB sem er 5-10 dB undir reiknuðu hljóðstigi á svæðinu. Samkvæmt staðfestu aðalskipulagi er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði milli fyrirhugaðrar íbúðabyggðar og Krísvíkurvegar. Verði verslunarhúsnaði byggð á undan íbúðabyggðinni gætu þau lækkað hljóðstig við íbúðabyggðina. Þó er æskilegt að halda opnum þeim möguleika að settar verði upp hljóðmanir ef þörf er á.

### Niðurstaða

Ef tekið er tillit til ofangreindra athugasemda telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að lagning Krísvíkurvegar, frá Hraunhellu að Hamranesi, muni hafa í för með sér umtalasverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,

Ólafur A. Jónsson  
Sérfræðingur

Gunnar S. Jónsson  
Staðgengill forstöðumanns  
framkvæmda- og eftirlitssviðs